

LOGOS

Harpa Samúelsdóttir, hdl,
Efstaleiti 5
103 REYKJAVÍK

Garðabær, 18. september 2017

2017060006/42-0

TB

gg/tb

Hótel Reynihlíð, skólphreinsistöð

Vísað er til tölvupósts frá LOGOS, dags. 13. september sl., þar sem óskað er eftir afstöðu Náttúrufræðistofnunar Íslands til þess hvort breytingar sem hafa orðið á áformum fyrirhugaðra framkvæmda við Hótel Reynihlíð, þ.e. að nú er ráðgert að bæta skólphreinsistöð við núverandi fráveitukerfi Reynihlíðar, gefi tilefni til breytinga á þegar útgefinni umsögn Náttúrufræðistofnunar. Jafnframt kemur fram að málið er nú stutt hjá Skipulagsstofnun en í ágúst sendi framkvæmdaraðili tilkynningu til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matsskyldu vegna fyrirhugaðra endurbóta á fráveitu Reynihlíðar.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér þau viðbótargögn sem nú liggja fyrir í málinu og telur stofnunin að þau gefi ekki tilefni til að breytinga á þegar útgefinni umsögn Náttúrufræðistofnunar sem miðaðist við stöðu málsins á þeim tíma sem hún var gefin. Stofnunin fagnar því hins vegar að tekið hafi verið tillit til ábendinga stofnunarinnar og annarra aðila um að ef leyfa á stækkun hótelsins þá verði að bæta skólphreinsun frá því m.a. til að koma í veg fyrir aukna næringarefnamengun.


Náttúrufræðistofnun hefur ekki fengið til umsagnar tilkynningu til ákvörðunar um matsskyldu fyrirhugaðrar endurbóta á fráveitu Reynihlíðar. Fram kemur í innsendum gögnum að umsagnaraðilar hafa skiptar skoðanir á því hvort framkvæmdir við skólphreinsivirki skulu háðar mati á umhverfisáhrifum eða ekki. Eins og kemur fram í greinargerð með tilkynningu til ákvörðunar um matsskyldu eru enn nokkrir óvissuþættir um hvernig verður staðið að skólphreinsuninni. Það er því spurning hvaða vettvangur er heppilegastur fyrir það samráð sem verður að fara fram, m.a. milli ólíkra leyfisveitanda, um tæknilegar úrlausnir, útliti og ásynd o.s.frv. Fyrir því eru fordæmi að mat á umhverfisáhrifum taki aðeins til eða lögð sé áhersla á þá þætti sem nauðsynlegt er talið að fjalla um í viðkomandi mati og ræðst því umfang matsins af því. Hér er vissulega ekki á ferðinni stór framkvæmd ef hún er skoðuð í samhengi við skólphreinsistöðvar fyrir stærra þéttbýli en hins vegar er móttakinn Mývatn og Laxá eitthvert merkilegasta svæði hvað varðar lífríki á Íslandi og einnig jarðfræði og landslag og er svæðið á rauðum lista Umhverfistofnunar. Það verður að kappkosta með öllum ráðum að þetta mál sé skoðað með samhengi ólíkra þátta í huga, en umsagnir um matsskyldu bera þess óneitanlega merki að mat á því hvort skólphreinsivirkið eigi að fara í mat á umhverfisáhrifum eða ekki byggir á „hagsmunum“ eða þekkingarsviði viðkomandi aðila. Ef



Þessi framkvæmd, og aðrar skyldar, tekst ekki vel hvað hreinsun á skólpi varðar þá gætu umhverfisáhrif orðið umtalsverð.

Það er álit Náttúrufræðistofnunar að mat á umhverfisáhrifum framangreindrar framkvæmdar getur verið heppilegasti vettvangurinn til að fá fram ólík sjónarmið og úrlausnir. Ákvörðun Skipulagsstofnunar, hver sem hún verður, þarf að tryggja aðkomu ólíkra hagsmunaaðila og að allt frárennsli sé hreinsað með fullkornustu tækni svo næringarefnamengun í Mývatni aukist ekki, en jafnframt að útlit og ásýnd skólphreinsivirkisins sé í samræmi við verndargildi svæðisins.

Virðingarfyllst



Guðmundur Guðmundsson
starfandi forstjóri



Trausti Baldursson
forstöðumaður vistfræði- og ráðgjafadeildar

